

15. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptsyfir-^{1873.}
valdanna yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland 28. febrúar.
á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873.

(Fyrsti kafinn er sambljóða bréfunum næstu á undan).

Um leið og vèr mælumst til þess, að þèr, herra stiptamt-
maður, og þèr, háæruverðugi herra, tilkynnið hlutaðeigendum það,
sem með þarf, samkvæmt þessu, leiðum vèr sérílagi athygli yðar að
því, að þar sem áður voru ætlaðir 200 rd. til bókakaupa við presta-
skólann og 500 rd. til bókakaupa við hinn lærða skóla, þá er nú í áætl-
uninni, 7. gr. C. II., 3. og 6. að eins veittir $\frac{3}{4}$ af 150 rd. handa presta-
skólanum, og af 300 rd. handa skólanum, og hefir kirkju- og kennslu-
stjórnarráðgjafinn ákveðið, að kostnaðurinn til verðlaunabóka skuli
þar að auki greiddur af síðar nefndri upphæð, í stað þess að taka
hann af því fè, sem ætlað er til ýmislegra útgjalda við hinn lærða
skóla, eins og áður hefir verið gjört; aptur á móti er það, sem
ætlað er til ljósa og eldiviðar (í 7. tölulið), fært upp frá
700 rd. til 750 rd., og hèr taldir til $\frac{3}{4}$ partar af þeirri upp-
hæð, sem er 562 rd. 48 sk. Til forngripasafnsins eru veittir
200 rd., sem má verja eptir ákvörðun stiptsyfirvaldanna, og hefir
landfógetanum í dag verið boðið, að borga fè þetta úr jarðabókar-
sjóðnum, þegar þèr gjörrið tilkall til þess, og er honum einnig
að öðru leyti sagt fyrir um þessi atriði.

Að endingu skal þess getið, að fyrnefndur ráðgjafi hefir
ekki fundið ástæður til, að veita umsjónarmanni skólans það
embætti fyrir fullt og allt, eins og sókt var um.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 28. febrúar.
nordur- og austurumdæminu, um títundagjald af
Möðrudal.¹

Eptir að stjórnarráðið með brèfi yðar 23. ágúst f. á. hafði

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, III., 220.